

182. Bæjarþorpsvegur, af Þorlákshafnarvegi að Kröggólfsstöðum.
183. Saurbæjarvegur, af Bæjarþorpsvegi að Saurbæ.
 184. Hjallavegur, af Þorlákshafnarvegi að Hjallakirkju.
 185. Núpavegur, af Þorlákshafnarvegi að Núpum.
186. Bakkavegur, af Þorlákshafnarvegi að Bakka.
 187. Bjarnastaðavegur, af Þorlákshafnarvegi að Bjarnastöðum.
 188. Hraunsvegur, af Þorlákshafnarvegi að **Hrauni**.
 189. Hlíðarendavegur, af Krýsuvíkurvegi að Hlíðarenda.
190. Hlíðardalsvegur, af Þorlákshafnarvegi að Hlíðardalsskóla.
 191. Reykjavegur frá hreppamörkum að Reykjaskóla.

XV. Í Selvogshreppi:

192. Selvogsvegur, af Krýsuvíkurvegi að Selvogi.
 193. Strandakirkjuvegur, af Selvogsvegi að Strandakirkju.
 194. Vogsósavegur, af Selvogsvegi að Vogsósum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1969.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfr Ingólfsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu,
nr. 237 6. október 1964.**

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

- Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
- Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.
- Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar og beitilanda. Í tölu sýsluvega samkv. a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

I. Auðkúluhreppur:

1. Mosdalsvegur, af Vestfjarðavegi í Dynjandisvogi að Hokinsdal.
2. Álftamýrarvegur, af Vestfjarðavegi utan HrafNSEYRAR að Stapadal.
3. HrafNSEYRARvegur, af Vestfjarðavegi að kirkju og skóla á HrafNSEYRI.

II. Þingeyrarhreppur:

1. Múlavegur, af Svalvogavegi utan Sandár að Múla.
2. Hofsvegur, af Múla að Hofi.
3. Kirkjubólsvegur, af Múlavegi að Kirkjubóli.
4. Bakkavegur, af Múlavegi um Bakka á Vestfjarðaveg hjá Brekku.
5. HrafNabjargavegur, af Svalvogavegi hjá Svalvogum um Lokinhamra að HrafNabjörgum.
6. Sandavegur, af Svalvogavegi vestan Sandafells að Söndum.
7. Flugvallarvegur, frá Svalvogavegi að flugvelli á Sandasandi.
8. Sandafellsvegur, frá Vestfjarðavegi á Brekkuhálsi á Sandafell.
9. Hólavegur, af Svalvogavegi að Hólum.
10. Arnarnúpsvegur, af Svalvogavegi að Arnarnúpi.
11. Hraunskirkjuvegur, af Svalvogavegi í Keldudal, að Hraunskirkju.

III. Mýrahreppur:

1. Hjarðardalsvegur, af Vestfjarðavegi að Fremri-Hjarðardal.
2. Klukkulandsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Klukkulandi.
3. Lækjarvegur, af Ingjaldssandsvegi að Læk.
4. Fellsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Felli.
5. Arnarnesvegur, af Ingjaldssandsvegi að Arnarnesi.
6. Brekkuvegur, af Ingjaldssandsvegi að Brekku.
7. Hraunvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hrauni.
8. Hálsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hálsi.
9. Ingjaldssandur, fyrir HrafNaskálanúp á Valþjófsdalsveg.
10. Mýrakirkjuvegur, af Ingjaldssandsvegi að Mýrakirkju.
11. Núpsvegur, af Ingjaldssandsvegi að kirkju og skóla á Núpi.
12. Alviðrubryggjuvegur af Ingjaldssandsvegi að Alviðrubryggju.
13. Vonarlandsvegur, af Ingjaldssandsvegi að félagsheimilinu Vonarlandi.
14. Sæbólaskirkjuvegur, af Ingjaldssandsvegi að Sæbólaskirkju.
15. Nesdalsvegur, frá Hrauni að Nýjabæ í Nesdal.

IV. Mosvallahreppur:

1. Traðarvegur, af Vestfjarðavegi hjá brú á Bjarnardalsá að Tröð.
2. Hólsvegur, af Önundarfjarðavegi að Hóli.
3. Vaðlavegur, af Valþjófsdalsvegi að Vöðlum.
4. Bryggjuvegur, af Valþjófsdalsvegi að hafskipabryggju.
5. Þórustaðavegur, af Valþjófsdalsvegi að Þórustöðum.
6. Hjarðardalsvegur, af Valþjófsdalsvegi að Hjarðardölum.
7. Tunguvegur, frá Valþjófsdalsvegi að Tungu og Dalssjó.
8. Holtskirkjuvegur, af Valþjófsdalsvegi að Holtskirkju.
9. Holsvegur, af Valþjófsdalsvegi að Holtsskóla.
10. Kirkjubólsvegur, af Valþjófsdalsvegi að Kirkjubólaskirkju.

V. Flateyrarreppur:

1. Eyrarhjallavegur, frá Flateyri að Búðanesi.
2. Breiðadalsvegur, af Flateyrarvegi að Fremri-Breiðadal.

VI. Suðureyrarhreppur:

1. Staðarkirkjuvegur, af Súgandafjarðarvegi hjá Sólstöðum að Stað.
2. Vatnadalssvegur, af Staðarkirkjuvegi að Vatnadal.
3. Selárdalsvegur, af Súgandafjarðarvegi hjá Botni, um Gilsbrekku og Selárdal að Norðureyri.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1969.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

25. september 1969.

Nr. 249.

AUGLÝSING**um merki Ísafjarðar(kaupstaðar).**

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á fundi sínum 3. nóvember 1965, samþykkt að taka upp merki fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Merkið er: tvær fjallshlíðar, sjór, sól og bátur með mastri og þverrá, sem ber í miðja sól, á gotneskum skildi, sem er í hlutföllum: hæð: 10, breidd: 8. Sól er að þvermáli 3,8. Breidd báts við sjávarmál: 3,4. Breidd fjallahlíða við sjávarmál er: 1,0, efst: 0,5. Öldur eru ellefu öldulínur. Sjö öldur eru í efstu línu. Þykkt hvernar öldulínu er að þykkt: 0,1 — millibil: 0,6.

Í fullum litum er merkið: Hvítur grunnur, bátur og fjallahlíðar svart, sól rauð og öldulínur bláar.



Hvers konar notkun merkisins, án leyfis bæjarstjórnar Ísafjarðar(kaupstaðar) er óheimil.

Bæjarstjórnin á Ísafirði, 25. september 1969.

Jóhann Einvarðsson.